Samþykkt
27 MAI 2008
Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu




AFSTÖÐUMYND, M: 1/1000

Byggingarlýsing

Sótt er um að byggja við frístundahús á lóðinni Finnheiðarvegur 11, í landi Norðurkots. Landnúmer 169467, staðgreinir 6410 1980.

Eigendur eru hjónin Ágúst Kárason og Svanfríður Ástvaldsdóttir.

Sótt er um að byggja við húsið á tvo vegi, annars vegar að lengja núverandi stofu til vesturs og hinns vegar að byggja svefnhebergisálmu sem endar í sólskála sunnan við húsið. Á pallinum er 4,6 m2 útigeymsla sem verður fjarlægð til að rýma fyrir nýju svefnherbergisálmunni.

**Sökkull og gólfplata**
Húsið er byggt á steyptum súlum og gólf er úr timbursperrum einangrað með 200mm einangrun.

**Útveggir**
Útveggir eru timburveggir með 5" tréuppistöðum, einangraðir með 5" steinull. Að innanverðu kemur einangruð lagnagrind. Utan á burðargrind kemur álímdur og negldur krossviður, á grind (loftunargrind) sem er klædd með timbri. Gifsplötuklæðning eða trépanell og spónaplötuklæðning, grind og rakaþéttilag að innan.

**Gluggar og hurðir**
Gluggar og hurðir eru í samræmi við ÍST 40 og 41. Gler er tvöfalt K-gler eða sambærilegt. Þar sem björgunarop eru í gluggum er ljósmál opsins 50 x 50 cm. eða meira og í samræmi við grein byggingarlaga nr. 159.

**Þak**
Þak hússins er gert úr 9"timbursperrum að hluta með 15° halla , borðaklætt, með pappa og klætt stáli. Klætt að innan með gifsplötum eða trépanel yfir rakaþéttilagi. Einangrun 200 mm. steinull.

**Innveggir**
Innveggir eru léttir timburgrindarveggir með 70mm einangrun og klæddir með spónaplötum og gifsplötum eða trépanel.

**Brunavarnir**
Brunamótstaða einstakra byggingarhluta og brunavarnir eru í samræmi við byggingarreglugerð.

**Upphitun**
Upphitun á húsinu er með hitaveitu.

**Frárennsli**
Rotþró er innan lóðar og verður allt affall frá húsinu leitt í hana.

**Heitur pottur**
Heitur pottur sem er fyrir á lóðinni er með loki og öryggiskrana .

**U-gildi einstakra byggingarhluta er sem hér segir:**

| | W/m2K |
|---|---|
| Þak | 0.2 |
| Útveggir | 0.4 |
| Gluggar (karmar, vegið meðaltalglers, K-gler) | 2.0 |
| Hurðir | 3.0 |
| Gólf | 0.3 |
| Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir) | 0.85 |

**Helstu stærðir**

| | |
|---|---|
| Flatarmál á frístundahúsi (húsi og útigeymslu) eftir breytingu | 133,2 m2 |
| Flatarmál á útigeymslu | 4,8 m2 |
| Flatarmál geymslu sem verður fjarlægð | 4,6 m2 |
| Flatarmál nýrra viðbygginga í allt | 79,8 m2 |
| Rúmmál á frístundahúsi (hús og útigeymsla) | 445,0 m3 |
| Flatarmál lóðar | 10.000 m2 |
| Nýtingarhlutfall | 0.0133 |

BREYTINGAR

| NR. | DAGS. | BREYTING | SÞ. |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |


TEKTON
HÖNNUN - SKIPULAG - RÁÐGJÖF

BORGARTÚN 6
105 REYKJAVÍK
ICELAND
KT: 471293-2109

TEL: +354 561 1910
FAX: +354 561 1921
TEKTON@TEKTON.IS
WWW.TEKTON.IS

HAUKUR HARÐARSON ARKIT. FAÍ / FSSA — KT: 221162-2269
GUÐM. HUGI GUÐMUNDSSON — KT: 211066-5129
GUNNLAUGUR JÓNASSON ARKIT. — KT: 090462-2299
ÞORLEIFUR EGGERTSSON ARKIT. — KT: 040163-4849


SAMÞYKKT

VERK
FINNHEIÐARVEGUR 11

TEIKNING
AFSTÖÐUMYND OG BYGGINGARLÝSING

KVARÐI
1:1000

DAGS.
10. 05. 2008

TEIKNAÐ AF
GJ, GRB

TEIKNING NR.
0101